

Stjórnarfundur í GOS í Golfskálanum kl. 19:15

Mætt: Páll, Hreinn, Magnús, Helena, Bjarki, Arnór Ingi, Ásta og Hlynur Geir.

Páll býður fólk velkomið á fyrsta fund nýrrar stjórnar, setur fund og gengur þegar til dagskrár:

1. Úthlutun styrkja úr afrekssjóði (styrktarsjóði Árborgar og GOS)

Páll vikur af fundi. Hlynur hefur framsögu um liðinn.

Tvær umsóknir hafa borist frá Pétri S. Pálssyni og Heiðari Snæ Bjarnasyni. Golfkarl og golfkona hafa fengið styrk úr sjóðnum undanfarin ár, en Heiðrún Anna Hlynsdóttir og Aron Emil Gunnarsson eru handhafar þeirra titla í ár. Fundurinn samþykkir að úthluta styrkjum til þessara kylfinga.

2. Nýr samstarfssamningur við Árborg

Páll kemur aftur inn á fundinn. Páll reifar þennan lið. 10 ára samningur um að styrkja unglingastarf, rekstur, afrekssjóð og akademíuna, er að renna út 2022. Fyrir dyrum standa fundir við sveitarstjórnarmenn til að ræða þessi mál.

3. Fundaplan ársins

Páll leggur til að stjórnarfundir verði festir fyrsta fimmtudag í mánuði hverjum kl. 19:15 út almanaksárið. Samþykkt samhljóða. Næsti fundur 3. feb.

4. Staða tækjamála

Umræða um stöðu tækjamála. Talsverðar fjárfestingar eru framundan og vinna í fullum gangi við þær.

5. Stjórnarfundur með nefndum

Stefnt að því að stjórnin hitti formenn nefnda á fundi á laugardagsfundum í byrjun febrúar.

6. Stjórnargolf

Stefnt að því að halda stjórnargolfmót í byrjun febrúar.

7. Staða framkvæmda

Staðan er góð, búið að klára púðann undir æfingaskýlið og er tilbúinn fyrir sökklavinnu. Vinnuteikningar eru að verða klárar og pöntun á efni verður þá gerð í framhaldinu. Framtíðin er björt og vorið er heillandi. Umræða um losun á uppgreftri á nýja völinn.

8. Önnur mál

- Bjarki nefnir hleðslustöð f. rafmagnsbíla. Stjórnin telur þetta mál horfa til framtíðar og e.t.v. ekki mjög fjarri í tíma.
- Bjarki tekur að sér að ýta ráðningarsamningum úr vör.

Fundi slitið kl. 20:40

Hreinn Þorkelsson